

26 janúar 2016 kl 20:00

Fyrsti fundur aðalstjórnar Vestra, íþróttafélags.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Sólrún Geirsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir, Pétur G. Markan, Jón Páll Hreinsson, Guðfinna Hreiðarsdóttir; Gísli Jón Hjaltason, Sigurður Jón Hreinsson og Guðni Guðnason.

Formaður bauð stjórnarmenn velkoma á fyrsta fund aðalstjórnar.

1. Skipting verkefna milli stjórnarmanna.

Guðni Guðnason valinn gjaldkeri.

Sigurður Hreinsson valinn ritari.

Guðfinna Hreiðarsdóttir valin varaformaður.

2. Frágangur á skráningu félagsins og útvegum kennitölu. Flest skjöl tilbúin vegna þess, formaður undirritar gögn vegna þess.
3. Rætt um hvaða viðskiptabanka félagið ætti að velja. Niðurstaðan er að stofna reikninga bæði í Íslandsbanka og Landsbanka.
4. Bókahaldsmál. Rætt hafði verið við Bjarka Bjarnason um að færa hugsanlega bókhald fyrir félagið og var kominn verðmiði á þá vinnu, 700 þús á ári ca. Gjaldkera falið að ræða það mál áfram við Bjarka og í framhaldi af því þarf að ræða við deildirnar/félögin. Samræma þarf það form sem er á launagreiðslum og færslu bókhalds. Heppilegt verður því að telja að aðalstjórn hittu forsvarsmenn deildanna fljótlega og helst að Bjarki komi með til að fá faglega sýn á málið.
5. Merki og búningar.
Rætt vítt og breitt um grunnliti félagsins og hvernig búningar félagsins gæti verið uppsettur. Einnig rætt um mögulegt val á merki. Helst talað um það að fá nokkra hönnuði til þess að koma með tillögu að merki og setja þau svo í íbúakosningu.
Spurning með hver staða deilda er á búningum, er kominn tími á nýja eða sleppur það í einhvern tíma í viðbót.
Gætum beðið fimm hönnuði um að koma með tvær hugmyndir hver. Svo myndi stjórnin velja 4 – 5 hugmyndir sem settar yrðu í kosningu.
Kastað fram nokkrum nöfnum á hönnuðum sem kæmu til greina:
Gunnar Jóns
Guðjón Davíð
Kjartan arkitekt
Einar Óla
Gunnar Bjarni
Elísabet Gunnars
Birgir
Hjalti Karls ætlar að starta þessari vinnu með því að ræða við Gunnar Bjarna um mögulega framsetningu á samkeppni um merki.
6. Möguleg reglugerð um skiptingu óskilyrtra styrkja milli íþróttadeilda og flokka. Ein hugmyndin er að vera með fræðslu og forvarnasjóð sem fengji hugsanlega hluta af styrkfé. Annað sem má gjarnan hugleiða er að stofna ferðasjóð, sem gæti haldið utan um eignarhald á ökutækjum eða annað form.
Hjalti fær Sigga með sér til að kasta fram tillögu að reglugerð um skiptingu styrkfjár.
7. Önnur mál.

- a. Guðfinna vakti máls á varðveislu gagna, sem snúa að sögu félagsins og forvera þeirra. Mikilvægt að gömlu félögin skili inn sínum gömlu gögnum inn á skjalasafnið. Þá er einnig spurning hvernig fundargerðir stjórnar verða færðar, prentað og límt inn eða hugsanlega handskrifað inn í fundarbókina? Líklegasta niðurstaðan er að dagskrá hvers fundar verði handskrifuð í bókina en útprentuð og undirrituð fundargerð límd í bókina þar undir.
- b. Gísli Jón, ræddi um Vallarhúsið á Torfnesi og mögulega félagsaðstöðu fyrir félagið. Kraftlyftingafélagið fjarlægði nýlega flest eða öll sín tæki úr húsinu og því er spurning um að Vestri sækji sérstaklega eftir því að fá félagsaðstöðu í húsinu. Í framhaldi af því rætt vítt og breitt um líkamsræktaraðstöðu og félagsaðstöðu. Hjalti ætlar að kanna hvernig þessum málum getur verið háttað til framtíðar og ræða það við HSV og/eða bæinn.
- c. Spurning með fastann fundartíma aðalstjórnar. Rætt um mánudaga kl 18.00.
- d. Gísli Jóni settir afarkostir, hann fær tvær vikur til að koma sér á Facebook. Að þeim tíma liðnum fær Pétur Markan að stofna aðgang fyrir hann með prófílmmynd að eigin vali.
- e. Guðfinna og Sólrún taka að sér að stofna stjórnar-hóp á Facebook

Fundarritari sjh

Fundi slitið kl 22:08